

Áherslur heimastjórnar Tálknafjarðar fyrir fjárhagsáætlun 2027–2030

Tálknafjarðarhöfn

- Tryggja þarf fjármagn af hálfu Vesturbyggðar til viðgerða á ytri bryggjunni, í samræmi við samgönguáætlun.
- Lagfæra þarf innsiglingarvörður í samstarfi við Vegagerðina, meðal annars vörðu á Hvammeyri sem er farin að láta á sjá.
- Tryggja þarf nægilegt dýpi í smábátahöfninni með tilliti til öryggis og aðgengis báta.
- Vinna þarf að öruggara og auknu bátalægi fyrir þjónustubáta og smábáta þannig að nægilegt rými sé í höfninni og öryggi báta tryggt sem best.
- Endurnýja þarf neyðarstiga á flotbryggjum eftir þörfum.

Gatnagerð, gangstéttir, bílastæði og viðhald eigna

- **Plan og bílastæði við íþróttahús:** Hefja þarf undirbúning og endurbætur á planinu við íþróttahúsið með það að markmiði að lagfæra undirlag og malbika svæðið. Framkvæmdir verði samræmdar fyrirhugaðri lagnavinnu og unnar í áföngum þannig að hægt sé að ljúka þeim hlutum svæðisins sem ekki verða fyrir frekara raski. Nánari umfjöllun er undir kaflanum *Skóli og íþróttahús*.
- Lagfæra og endurnýja þarf gangstéttir, með Túngötu og Móatún í forgangi.
- Endurgera og malbika þarf Miðtún og skipta um lagnir.
- Malbika þarf Bugatún. Kanna þarf stöðu lagna áður en framkvæmd hefst.
- Við Hrafnadalsveg þarf að koma fyrir ræsum og vatnsrásum meðfram götunni að Hrafnadal og leggja nýtt slitlag.
- Tryggja þarf nægilegt fjármagn til viðhalds annarra eigna sveitarfélagsins.

Brunavarnir og viðbúnaður

- Huga þarf að framtíðarfyrirkomulagi slökkvistöðvar og áhaldahúss og stefna að kaupum á nýjum slökkvibíl á næstu árum.
- Skoða þarf vatnslögn frá gamla vatnsbólínu undir Geitarhorni þar sem vísbendingar eru um að hún fæði enn brunahana við Sólbakka/Strandgötu 14.
- Endurnýja þarf brúna yfir Hólsá og miða hönnun hennar við að smærri neyðartæki geti ekið yfir hana. Slíkt er mikilvægt bæði vegna brunavarna og viðbragða við slysum.

Viðbrögð við gróðureldum

Slökkviliðsstjóri hefur lagt til aðgerðir til að bæta viðbúnað vegna gróðurelda. Heimastjórn leggur til að eftirfarandi verkefni verði sett í forgang árið 2027:

Búnaður og aðstaða

1. Kaupa handverkfæri sérstaklega ætluð til baráttu við gróðurelda.
2. Tryggja léttu hlífðargalla sem henta við slökkvistarf í gróðureldum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir í og við þorpið

1. Fá verkfræðistofu eða annan hæfan aðila til að kortleggja umhverfi Tálknafjarðar með tilliti til hættu á gróðureldum.
2. Í framhaldi af þeirri vinnu verði gerð aðgerðaáætlun sem meðal annars geti falið í sér:
 - gerð slóða sem henta slökkvi- og neyðartækjum í samræmi við þær gönguleiðir sem fyrirhugaðar eru;
 - skiptingu gróðursvæða niður í brunahólf;
 - breytingar á gróðurpekju, meðal annars með grisjun;
 - leiðbeiningar til íbúa um einfaldan viðbúnað við heimili, svo sem aðgengi að vatnsslöngum og klöppum.
3. Auka fræðslu til íbúa um gróðurelda, forvarnir og viðbrögð.

Göngustígar og gönguleiðir

- Gera þarf göngustíg frá Miðtúni að Hrafnadalsvegi og merkja þar örugga gangbraut.
- Gera þarf gönguleið frá kirkju upp á Brynjólfsbraut sem jafnframt verði fær fyrir smærri neyðartæki og bæti þannig aðgengi vegna slökkvistarfs. Framkvæmdin verði unnin í samráði við slökkvilið og Skógræktarfélag Tálknafjarðar.
- Gera þarf göngustíg milli Hvamms og Bugatúns 8 þar sem ekki er gert ráð fyrir akstursleið.
- Skoða þarf gerð og lagfæringu gönguleiðar meðfram fjárgirðingu ofan þorpsins, frá Hlíð að Tunguá, meðal annars með því að setja ræsi þar sem þörf er á til að auðvelda yfirferð.
- Styðja þarf áfram við uppbyggingu einstaklinga og félagasamtaka á gönguleiðum, meðal annars leiðum sem tengjast verkefninu Bifröst.
- Snyrta þarf svæðið fyrir aftan skrifstofu sveitarfélagsins við Strandgötu 38 og gera þar gönguleið sem tengir betur saman verslunarhúsnæði, Hátíðartún/leiksvæði og veitingastaðinn Hópið.

Útivist, ferðapjónusta og fegrun

Naustatangi

Unnið verði að því að skipuleggja og þróa Naustatanga sem aðlaðandi og fjölnota áningar- og útivistarstað fyrir íbúa og gesti Tálknafjarðar.

Á svæðinu verði gert ráð fyrir uppsetningu þess listaverks sem þegar hefur verið samþykkt og jafnframt verði komið upp nauðsynlegri aðstöðu til að auka nýtingu og aðdráttarafl svæðisins. Þar verði meðal annars gert ráð fyrir bílastæðum, bekkjum, borðum og annarri aðstöðu sem hentar gestum og fjölskyldum. Jafnframt verði núverandi upplýsingaskilti um fuglalíf og náttúru Tálknafjarðar endurnýjað eða uppfært eftir þörfum.

Kannaður verði möguleiki á uppsetningu lítillar flotbryggju við Naustatanga sem auðveldað gæti áhöfnum seglskúta og annarra minni báta að komast í land á léttabátum. Slík aðstaða gæti skapað tækifæri til að byggja Tálknafjörð markvisst upp sem viðkomustað fyrir skútur og smábáta og þannig stutt við ferðapjónustu, útivist og aukna umferð gesta um bæinn.

Markmiðið verði að skapa fallett og aðgengilegt svæði við sjávarsíðuna sem nýtist samfélaginu og styrkir ásýnd og aðdráttarafl Tálknafjarðar.

Tjaldsvæði

- Tryggja þarf viðhald og áframhaldandi endurbætur á tjaldsvæðinu þannig að það geti verið aðlaðandi áfangastaður fyrir ferðamenn með góða og örugga aðstöðu.
- Forgangsverkefni eru að leggja dren í flatir og slétta þær, setja þak yfir gáma sem eru farnir að leka, endurnýja og bæta skjólbelti og leggja vatnslögn neðan vegar fyrir salernisaðstöðu.
- Yfirfara þarf rafmagnsstaura og raflagnir á tjaldsvæðinu til að tryggja öryggi og draga úr hættu á útslætti vegna álags.
- Brýnt er að vinna að úrbótum í fráveitumálum tjaldsvæðisins og lausn varðandi hreinsun frárennslis.
- Til framtíðar þarf að huga að uppbyggingu þjónustuhúss með salernum, sturtum og eldunaraðstöðu til að bæta þjónustu við gesti og dreifa álagi á núverandi aðstöðu.

Umhverfi og opin svæði

- Fjarlægja þarf timburhauga og gamla skreiðarhjalla í Hrafnadal og koma svæðinu í gott horf.
- Skoða þarf möguleika á að nýta hluta svæðisins í Hrafnadal sem skipulagt geymslusvæði. Ganga þarf frá svæðinu, girða það af og koma á fyrirkomulagi sem tryggir örugga geymslu og möguleika á innheimtu leigu.
- Tryggja þarf nægilegt fjármagn til viðhalds grænna svæða, klippingar trjáa og runna og almennrar umhirðu svæða í eigu sveitarfélagsins.

- Heimastjórn leggur til að skoðað verði að ráða garðyrkjustjóra eða sambærilegan starfsmann hjá sveitarfélaginu sem hafi umsjón með umhverfismálum og skipulagðri umhirðu opinna svæða.
- Hvetja má íbúa til að fegra hús og nærumhverfi sitt og skoða möguleika á viðurkenningum fyrir sérstaklega vel hirt hús, garða og umhverfi.

Skóli og íþróttahús

Skólalóð og aðkoma

Brýnt er að lagfæra lóð við skólann, gera öruggan göngustíg og/eða gangbraut milli skóla og íþróttahúss og takmarka bílaumferð um skólalóðina. Mikilvægt er að vinna að þessum framkvæmdum sem fyrst með öryggi barna og annarra vegfarenda að leiðarljósi.

Plan, bílastæði og aðkoma að skóla og íþróttahúsi

Nauðsynlegt er að ráðast í heildstæðar endurbætur á planinu við íþróttahúsið og aðkomu að skólasvæðinu í Tálknafirði. Svæðið þjónar daglegri umferð að skóla, íþróttahúsi, sundlaug og annarri nærliggjandi starfsemi og mikilvægt er að tryggja þar örugga, skýra og snyrtilega umferð allra vegfarenda.

Við útfærslu svæðisins verði tekið mið af fyrirliggjandi hugmyndum um breytt umferðarfyrirkomulag við skólann, þar á meðal öruggt sleppisvæði fyrir foreldra og börn, ásamt gönguleiðum, gangbrautum og bílastæðum. Sérstök áhersla verði lögð á að draga úr óþarfa bílaumferð um sjálfa skólalóðina og bæta öryggi barna.

Áður en endanlegur yfirborðsfrágangur og malbikun fer fram þarf að samræma framkvæmdina við fyrirhugaðar endurbætur á lögnum undir og við svæðið, meðal annars vegna vatns- og raflagna. Hluti raflagnavinnu hefur þegar farið fram.

Mikilvægt er þó að fresta ekki öllum framkvæmdum þar til allri lagnavinnu er lokið. Gerð verði áfangaskipt framkvæmdaáætlun og kannað hvaða verkþætti sé hægt að hefja strax, sérstaklega á þeim hlutum svæðisins sem ekki verða fyrir frekara raski vegna lagnavinnu.

Markmiðið verði að nauðsynleg undirbúningsvinna og lagfæringar hefjist sem fyrst og að hægt verði að ljúka endurbótum, bílastæðum, göngutengingum og malbikun svæðisins í áföngum eftir því sem aðstæður leyfa.

Gildandi deiliskipulag liggur fyrir fyrir svæðið. Samhliða undirbúningi framkvæmda verði það tekið til skoðunar með hliðsjón af núverandi þörfum, umferðaröryggi og framtíðarnýtingu svæðisins og, eftir atvikum, gerðar nauðsynlegar breytingar á því.

Skóla- og leikskóla húsnæði

- Tryggja þarf áfram fjármagn til viðgerða og viðhalds á skólahúsinu í samræmi við úttekt Eflu og fylgja eftir þeim verkþáttum sem enn standa eftir.
- Tryggja þarf áframhaldandi viðhald og viðgerðir á leikskólahúsnæði.

Íþróttahús og sundlaug

Í greinargerð bæjarstjórnar með fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2026–2029 kemur fram að umfangsmikilla framkvæmda sé þörf við sundlaug og íþróttahús í Tálknafirði og að gert sé ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum á tímabilinu 2027–2030. Heimastjórn leggur áherslu á að þeirri vinnu verði haldið áfram og að fyrir liggi skýr áfangaskipt framkvæmda- og kostnaðaráætlun.

- Gerð verði skýr og áfangaskipt framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir þau verkefni sem enn standa eftir samkvæmt úttekt Eflu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum.
- Tryggja verði nægilegt fjármagn til áframhaldandi viðhalds og endurbóta á íþróttahúsinu. Sérstaklega þarf að skoða glugga og hurðir hússins sem eru komin að viðhaldi.
- Fylgja verði eftir þeim viðhalds- og endurbótaverkefnum við íþróttahús og sundlaug sem ekki náðist að ljúka á árinu 2026.
- Tryggja verði að rennibraut við sundlaugina sé örugg, í lagi og nothæf.
- Meta þarf ástand sundlaugarinnar og ráðast í nauðsynlegar viðgerðir og endurbætur.
- Setja þarf upp aðgangskerfi sem gerir notendum kleift að nýta tækjasal utan almenns opnunartíma íþróttahússins.
- Samræma opnunartíma við aðrar íþróttamiðstöðvar í sveitarfélaginu og að upplýsingar séu réttar á heimasíðunni.

Íþrótt- og tómstundastarf

- Tryggja þarf framtíðarlausn á samgöngum milli byggðarlaga vegna íþrótt- og tómstundastarfs.
- Skoða þarf sérstaklega samgöngur fyrir nemendur framhaldsdeildar.
- Tryggja þarf fjármagn til viðhalds á íþróttavelli í Tálknafirði.
- Tryggja þarf áframhaldandi starfsemi félagsmiðstöðva fyrir unglunga og eldri borgara og nægilegt fjármagn til viðhalds húsnæðis og endurnýjunar búnaðar í samræmi við þarfir.